

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.  
Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
03-093 Vt. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	03
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirit	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbýgging II. áfangi	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	03
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekknaheiði - Geysirófa	09.03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls	09.03

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-094 Au. Hringvegur (1) um Kotá í Örafum	22.09.03	07.10.03
03-048 Vt. Djúpvvegur (61), Kambsnes - Álftafjarðarbotn	22.09.03	07.10.03
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	15.09.03	30.09.03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir	08.09.03	23.09.03
03-049 Vt. Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.09.03	23.09.03
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003-2008	25.08.03	09.09.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003-2008	25.08.03	09.09.03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús	25.08.03	09.09.03
03-086 Vt. Vetrarþjónusta á Holtavörðuhéiði 2003 - 2008	21.07.03	11.08.03
03-045 Vt. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	10.06.03	23.06.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03

## framhald af forsiðu

Vélaverkstæði í Grafarvogi verður lagt niður en hluti af starfsemi þess flutt í Borgartún 5-7.

Starfsmönnum Vegagerðarinnar í Reykjavík fækkar um ca. 15 við þessar breytingar. Reynt var að hafa góðan fyrirvara á þessum uppsögnum og forðast var að segja upp eldri starfsmönnum sem hafa unnið lengi hjá stofnunni. Einhverjir þurfa þó að færa sig um set.

Breytingar þessar hafa verið undirbúnar á þessu ári og ættu að verða um garð gengnar á miðju næsta ári. *VAI/JSN*

## Auglýsingar útboða

### Djúpvvegur (61), Kambsnes – Álftafjarðarbotn 03-048

Vegagerðin, Vestfjarðumdæmi, óskar eftir tilboðum í endurlögn Djúpvegar af Kambsnesi og inn í Álftafjarðarbotn. Um er að ræða kafla, frá Kambsnesbeygjum og inn fyrir Hattareyri og síðan í Vatnshlíðinni alls um 8,68 km.

Helstu magnþölur eru:

Bergskeringar	6.500 m <sup>3</sup>
Fyllingar og fláafleygar	51.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	17.800 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	15.800 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	69.200 m <sup>2</sup>
Rofvarnir	1.900 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 22. september 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 7. október 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Hringvegur (1), um Kotá í Örafum 03-094

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum annars vegar í endurbýggingu Hringvegur um Kotá í Örafum á um 0,9 km löngum kafla ásamt um 2,8 km af varnargörðum í farvegi Kotár og hins vegar í niðurstöðu stálplöturæsis í Heiðarlæk í Örafum ásamt tilheyrandi vegagerð á um 50 m löngum kafla þar um.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar í veg	6.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	3.500 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.100 m <sup>3</sup>
Klæðing	6.500 m <sup>2</sup>
Fyllingar í varnargarða	36.000 m <sup>3</sup>
Grjótvörn	12.500 m <sup>3</sup>
Stálplöturæsi	21 m

Verkum skal að fullu lokið fyrir 15. mars 2004. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 22. september 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 7. október 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



# Framkvæmdafréttir 27. tbl. /03



Nýtt áhaldahús rekstrarstjóra Reykjanesumdæmis að Hraunhelli 4 í Hafnarfirði, tvö bil af fjórum.

Birgðadeild Vegagerðarinnar og Reykjanesumdæmi hafa haft aðsetur á stórrí lóð í Grafarvogi frá miðjum sjöunda áratug síðustu aldar. Lengi var þetta utan við þéttbýli í Reykjavík en nú hefur borgin fyrir löngu vaxið austur fyrir þetta svæði. Það hefur því verið ljóst um nokkurt skeið að landið er of stórt og of verðmætt til að verjandi sé að það sé notað sem geymslu- og lagersvæði. Um síðustu áramót var því tekin ákvörðun um að selja lóðina og draga úr þeirri starfsemi sem þar hefur farið fram.

Mörk þjónustusvæðis Reykjanesumdæmis breytast nokkuð við þennan samdrátt og rekstrarstjórar Borgarfjarðarsýslu og Árnassýslu taka við hluta þess svæðis sem Reykjanesumdæmi hefur annast (sjá kort í opnu blaðsins). Þjónusta í



Það er eftirsjá að lóðinni í Grafarvogi fyrir marga starfsmenn Vegagerðarinnar sem þar hafa mætt til vinnu í áratugi. Lóðin er mjög snyrtileg og mörgum trjám hefur verið plantað á svæðinu. Vegagerðin hefur fengið umhverfisverðlaun Reykjavíkurborgar fyrir þetta svæði.

Reykjanesumdæmi verður boðin út að miklu leyti. Fyrir þá starfsemi sem eftir verður hefur verið tekið á leigu húsnæði og lóð við Hringhelli í Hafnarfirði. Við val á nýrri staðsetningu áhaldahússins var farin sú leið að auglýsa eftir heppilegu húsnæði. Lóðin skyldi vera á höfuðborgarsvæðinu og hafa góðar tengingar við Hringveginn eða Reykjanesbrautina. Alls bárust um tuttugu boð um lóðir af ýmsum stærðum (tilgreind stærð í auglýsingu var 8-10 þús. m<sup>2</sup>) sem voru dreifðar um svæðið. Við endurteknar yfirferðir á framboðnum lóðum fækkaði þeim smám saman þar til eftir stóðu tvær lóðir, annars vegar í Norðlingaholti og hins vegar við Hringhelli í Hafnarfirði. Þar sem lóðin í Norðlingaholti lá fast að búðahverfi var að lokum ákveðið að ganga til samninga við Vöru-bílastöð Hafnarfjarðar um tíu ára leigu á húsnæði og lóð í Hafnarfirði. Húsnæðið er nýlegt, núverandi skrifstofuhluti er um 100 m<sup>2</sup> en verður stækkaður í um 150 m<sup>2</sup> og er vinna við það hafin. Litlar breytingar þarf að gera á tækjasölunum. Vegagerðin tekur tvö „hólf“ á leigu og verður milliveggur tekninn niður að hluta. Girðing verður reist í kringum þann hluta lóðar sem Vegagerðin tekur á leigu. Breytingum verður lokið fyrir 1. desember. Ljóst er að fyrir marga starfsmenn umdæmisins lengist vegalengdin til og frá vinnu, svo munað getur allt að 15 km hvora leið.

Birgðadeild flytur með skrifstofur sínar og smávörlager í Borgartún 5-7 en aðrar birgðir verða fluttar á Selfoss. Samið verður við Eimskip um skammtímageymslu í vöruhótel og reynt verður að senda sem mest af birgðum beint á endanlegan áfangastað eða til Selfoss.

framhald á baksíðu

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 27. tbl. 11. árg. nr. 349 22. sept. 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Víktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktoðum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaféni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verkataka. Áskrifendur eru m.a. verktafar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.